

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp.

Árið 2026, þriðjudaginn 22. september kl. 13:05 eftir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1375. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin.

Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Sigrún Reynisdóttir, Dagný Geirdal, Böðvar Páll Jónsson. Fundarritari var Auður Eygló Andrésdóttir

Þetta gerðist:

1. Akrasel 30 - USK26070080

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að áður óútgrafinn kjallari hefur verið innréttaður sem aukaíbúð auk þess sem sótt er um leyfi til að byggja garðskála við suðvesturhlið einbýlishúss á lóð nr. 30 við Akrasel.

Áður gerð stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Garðskáli: xx ferm., xx rúmm.

Eftir stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

2. Aðalstræti 9 - USK25030036

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun og innra skipulagi, breyta rými 000? í sér geymslur og sameiginlega hjóla-og vagnageymslu fyrir íbúðir 2. hæðar, sameina rými 000? og 000? í rými 0001 og stækka með því rými 0101, veitingastað í flokk? teg ? fyrir ? gesti, innrétta 6 íbúðir, breyta útliti með því að sameina glugga á 2. hæð og stækka sorpgeymslu á austurhlið 1. hæðar í verslunar- og íbúðhúsi á lóð nr. 9 við Aðalstræti.

Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir afrit af eldri samþykktum aðaluppdráttum og greinargerð um hljóðvist frá Myrru dags. 8. júní 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

3. Álfabakki 2A - USK26060365

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23080010 með því að breyta innra skipulagi í atvinnuhúsi á lóð nr. 2A við Álfabakka.

Erindi fylgir greinargerð um brunavarnir dags. 22. júní 2026 og yfirlit breytinga dags. 24. september 2024.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

4. Ármúli 5 - USK26040456

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055386, þannig að innra skipulagi er breytt og innréttaður líkamsræktarsalur, fundarsalur og veitingarsalur í hluta rýmis 0001 í hótél- og veitingahúsi, mhl. 01, á lóð nr. 5 við Ármúla.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum dags. 27. nóvember 2018.

Frestað. Vísað til athugasemda.

5. Borgartún 26 - USK26070252

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi 6.hæðar, með því að skipta rýminu í tvær notkunareiningar í skrifstofuhúsi á lóð nr. 26 við Borgartún

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum dags. 29. nóvember 2023.

Frestað. Lagfæra skráningu.

6. Borgartún 35 - USK25070279

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057676 vegna lokaúttektar í húsi á lóð nr. 35 við Borgartún.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og samþykki meðeigenda dags. í júlí 2025.

Frestað. Lagfæra skráningu.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

7. Boðagrandi 9 - USK26090217

Sótt er um leyfi til að koma fyrir færanlegum kennslustofum við leikskóla á lóð nr. 9 við Boðagrandi.

Stærð: 219,6 ferm, 820,8 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

8. Brautarholt 16 – breytingaerindi - USK26090022

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24030336 með því að breyta innra skipulagi og koma fyrir eldunaraðstöðu í öllum gistirýmum, innrétta ný gistirými í verslunarrými á 1. hæð að Traðarholti og í vinnustofu 0101 á baklóð, þvottahús í rými 0102 og innrétta móttöku og stoðrými fyrir gististað í verslunarrými að Brautarholti og verða þannig 43 gistirými í gististað í fl. II, teg. b í húsi á lóð nr. 16 við Brautarholt.

Erindi fylgir greinargerð um hljóðvist frá Cowi dags. 2. júní 2026 og bréf hönnuðar dags. 29. maí 2026.

Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

9. Eirhöfði 8 - USK26090216

Sótt er um leyfi til að koma fyrir þremur djúpgámasettum við Eldshöfða, Steinhöfða og Eirhöfða fyrir fjölbýlishús á lóð nr. 8 við Eirhöfða.

Stærð: 43,5 ferm., 132 rúmm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

10. Fiskislóð 26 (Fiskislóð) - USK26080159

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052320 með því að breyta innra skipulagi á hluta 1. hæðar í húsi á lóð nr. 26 við Fiskislóð.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 1. nóvember 2016 og 7. maí 2017.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimul og stofnerindi.

11. Fálkabakki 1 - Breytinga innanhúss - USK26050004

Tilkynnt er um framkvæmd sem felst í að innra skipulagi og innréttingum er breytt í leikskólanum Fálkaborg á lóð nr. 1 við Fálkabakka.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum.

Staðfest er að tilkynning þessi samræmist skipulagsáætlunum og fellur innan þeirra marka sem tilgreind eru í gr. 2.3.6 í byggingareglugerð.

12. Grensásvegur 1D – breytingaerindi - USK26090061

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059455 vegna lokaúttektar þannig að kafli um algilda hönnun er uppfærður í byggingarlýsingu fjölbýlishúss, mhl. 04, á lóð nr. 1D við Grensásveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

13. Grettisgata 53B - USK26050391

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að innréttuð hefur verið íbúð þar sem áður var geymsla og þvottahús í rými 0001 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 53B við Grettisgötu.

Erindinu fylgir yfirlit breytinga dags. 27. október 2020. og 22. maí 2018, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. september 2026 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 3. september 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Vísað í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. september 2026

14. Gullsléttu 18A – breytingaerindi - USK26050079

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24020044 þannig að byggt er geymsluloft í rými 0110 í iðnaðarhúsi á lóð nr. 18 við Gullsléttu.

Stækkun: 19 ferm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

15. Guðrúnartún 10 Geymsla og sorpgeymsla - USK26090037

Sótt er um leyfi til að byggja sorpskýli á lóð nr. 10 við Guðrúnartún

Stærð: 42,7 ferm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

16. Hraunbær 119 - USK26090078

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í rými 0101 og innrétta sjúkráþjálfun í atvinnuhúsi á lóð nr. 119 við Hraunbæ.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum uppdráttum dags. 14. október 2014.

Frestað. Vísað til athugasemda.

17. Hvammsgerði 13 - USK26080001

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24110245 vegna lokaúttektar þannig að útliti vinnustofu er breytt, bakdyr eru fjarlægðar og komið fyrir snyrtingu og eldhúsi ásamt því að hætt er við að fjarlægja sólskála við einbýlishús á lóð nr. 13 við Hvammsgerði.

Stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Eftir breytingu: xx ferm., xx rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

18. Háaleitisbraut 175 – breytingaerindi - USK26090190

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK26030207 þannig að innra skipulagi er breytt í viðbyggingu við Bráðamóttöku á lóð nr. 175 við Háaleitisbraut.

Erindi fylgir yfirlit breytinga

Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

19. Hólmaslóð 6 – breytingaerindi - USK26070056

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24100082 með því að breyta innra skipulagi í húsi á lóð nr. 6 við Hólmaslóð.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

20. Jöfursbás 4 - USK25050072

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum og til að breyta brunavörnum í húsi á lóð nr. 4 við Jöfursbás.

Erindi fylgir greinargerð um brunavarnir dags. 20. ágúst 2024.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar. Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

21. Kalkofnsvegur 1 - USK26070185

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í kjallara og á jarðhæð, innrétta líkamsrækt, fundarherbergi og rannsóknar- og starfsmannarými auk þess er gerð ný inngangshurð á jarðhæð á norðurhlíð húss á lóð nr. 1 við Kalkofnsveg.

Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

22. Klapparstígur 38 - USK26070134

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi í íbúðar- og veitingahúsi á lóð nr. 38 við Klapparstíg.

Sjá skoðunarskýrslu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

23. Kringlan 4-12 - USK26080414

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í einingu 152 á 1. hæð í mhl. 01 og innrétta kaffihús í flokki I, tegund e. í verslunarhúsi á lóð nr. 4-12 við Kringluna.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum dags. 6. júlí 1997.

Frestað. Vísað til athugasemda.

24. Krókháls 6 – breytingaerindi - USK26080339

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057705, með síðari breytingum með því að breyta fyrirkomulagi veggja á 2. hæð í atvinnuhúsi á lóð nr. 6 við Krókháls

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

25. Köllunarklettsvegur 1 – breytingaerindi - USK26090023

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í mhl. 01, rými 0102 og koma fyrir afgreiðslu bakarís, veitingastað í fl. I, teg. e, í atvinnuhúsi á lóð nr. 1 við Köllunarklettsveg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

26. Langholtsvegur 89 - USK23040101

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu, koma fyrir svölum, breyta innra skipulagi og útliti og innrétta þrjár íbúðir í húsi á lóð nr. 78 við Langholtsveg.

Stækkun: 53.6 ferm., 357,3 rúmm.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. júní 2023 og yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

27. Laugavegur 107 - USK26030397

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi rýma 019, 025, 006, 021 og 022 í Mathöllinni við Hlemm, húsi á lóð nr. 107 við Laugaveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum og húsaskoðun byggingarfulltrúa dags. 17. september 2026.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

28. Lækjargata 1 - USK26050309

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og til að rífa anddyri á austurhlíð Stjórnarráðsins, skrifstofuhúsi, mhl. 01. á lóð nr. 1 við Lækjargötu.

Magn niðurrifs: 7,0 ferm.,

Erindi fylgir brunahönnunarskýrsla dags. 18. maí 2026 og umsögn Minjastofnunar dags. 17. apríl 2026.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

29. Lækjargata 1 - USK26050308

Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða skrifstofuhús auk kjallara og tengigangs að austurhlið Stjórnarráðs Íslands, mhl. 01, á lóð nr. 1 við Lækjargötu.

Stærð: 1.685.1 ferm., 6.692.9 rúmm.

Erindi fylgir skýrsla brunahönnunar dags. 18. maí 2026 og umsögn Minjastofnunar dags. 17. apríl 2026.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

30. Lækjarás 6 – breytingaerindi - USK26080310

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK26010077 með því að gera nýjan útistiga og steyptan vegg, auk þess er sótt um að koma fyrir setlaug og breyta staðsetningu sorps við einbýlishús á lóð nr. 6 við Lækjarás.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

31. Mjölnisholt 6 - USK25050444

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052156 þannig að komið er fyrir utanáliggjandi stigahúsi á bakhlið, eldri stigar fjarlægðir og gerðir inngangar frá svölum, bætt við íbúð í risi og byggður geymsluskúr á baklóð fjölbýlishúss á lóð nr. 6 við Mjölnisholt.

Stækkun: 52 ferm., 164,7 rúmm.

Stærð eftir breytingar:

Mhl. 01: 660 ferm., 1.544,2 rúmm.

Mhl. 02: 52 ferm., 175,1 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og svör við athugasemdum byggingarfulltrúa ódagsett.

Frestað. Vísað til athugasemda.

32. Norðlingabraut 14 - USK26090121

Sótt er um leyfi til að setja vöruhúð á vesturgafi iðnaðarhúss á lóð nr. 14 við Norðlingabraut

Frestað. Vísað til athugasemda.

33. Rafstöðvarvegur 25 - USK26070019

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN056298 vegna lokaúttektar með því að breyta innra skipulagi í húsi á lóð nr. 25 við Rafstöðvarveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 8. október 2019.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

34. Rauðavað 19 - USK26080383

Sótt er um leyfi til að setja svalalokun á íbúð 0101 í mhl 03 á lóð nr. 19 við Rauðavað.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum dags. 15. júní 2004 og samþykki meðeigenda.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

35. Stórholt 1 - USK26090060

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í rými 0101 í mhl. 01, og innrétta þar nuddstofu í verslunar- og fjölbýlishúsi á lóð nr. 1 við Stórholt.

Frestað. Vísað til athugasemda.

36. Suðurlandsbraut 10 - USK26090039

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta ísbúð í rými 0103 í mhl. 02 í atvinnuhúsi á lóð nr. 10 við Suðurlandsbraut.

Frestað. Vísað til athugasemda.

37. Suðurlandsbraut 4A – breytingaerindi - USK26080420

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og afmarka hluta hans undir veitingastað í fl. X, teg. x, í rými 0102 í mhl. 03 á lóð nr. 4A við Suðurlandsbraut.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á samþykktum aðaluppdráttum dags. 25. mars 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

38. Sólheimar 23 - USK25030452

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem snúa að stækkun íbúða, nýjum svölum og breytingu á sameign í fjölbýlishúsi á lóð nr. 23 við Sólheima.

Erindi fylgir skýrsla um húsaskoðun byggingarfulltrúa dags. 12. nóvember 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

39. Tryggvagata 20 - USK26070370

Sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í fl. II, teg. a, í mhl. 02 á lóð nr. 20 við Tryggvagötu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

40. Túngata 5 - USK26010494

Sótt er um samþykki fyrir áður gerðri íbúð í mhl. 02 sem er skráð sem bílskúr við fjölbýlishús á lóð nr. 5 við Túngötu.

Erindi fylgir húsaskoðun byggingarfulltrúa dags. 14. apríl 2026 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. ágúst 2026.

Jafnframt er erindi USK23050301 dregið til baka.

Synjað með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. ágúst 2026

41. Vesturgata 3 – breytingaerindi - USK26090124

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK26050337 vegna lokaúttektar í húsi nr. 3 við Vesturgötu.

Erindinu fylgir yfirlit breytinga dags. 5. ágúst 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

Fundi slitið kl. 14:55

**Brynjar Þór Jónasson
Sigrún Reynisdóttir
Dagný Geirdal
Böðvar Páll Jónsson
Auður Eygló Andrésdóttir**